

Sþ.

452. Nefndarálit

[117. mál]

um till. til þál. um athugun á samdrætti í iðnaði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. Meiri hlutinn vill vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, en undirritaðir leggja til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt óbreytt.

Umsagnir hafa horizt frá eftirtöldum aðilum: Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, Iðju, félagi verksmiðjufólks á Akureyri, Félagi íslenzkra iðnrekenda, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Efnahagsstofnuninni.

Þeir fjórir aðilar, sem fyrst eru taldir, mæla allir eindregið með samþykkt tillögunnar, en Efnahagsstofnunin telur ekki þörf á samþykkt hennar. Að vísu virðist afstaða stofnunarinnar að einhverju leyti byggjast á því, að þingsályktunartillagan geri ráð fyrir „skipun sérstakrar nefndar“ til athugunar á umræddu vandamáli, en svo er ekki, heldur segir þar, að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á samdrætti, sem orðið hefur í ýmsum iðngreinum, í samráði við Félag íslenzkra iðnrekenda og fulltrúa iðnverkafólks.

Staðreynd er, að í ýmsum greinum iðnaðar hefur orðið verulegur samdráttur á síðustu mánuðum, og hafa nokkur fyrirtæki þegar orðið að leggja rekstur sinn alveg niður, en önnur dregið reksturinn saman og fækkað starfsfólki. Ýmsar orsakir liggja til þeirra erfiðleika, sem hér um ræðir, m. a. minnkuð tollvernd, erlend undirboð, lánsfjárskortur, óhagstæð skattakjör o. fl. Í sumum tilfellum hníga fleiri en ein orsök til þessara erfiðleika og vega þá mismunandi þungt.

Til þess að hægt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, er óhjákvæmlegt að þekkja til hlítar þær orsakir, sem til erfiðleikanna liggja, og því er það skoðun okkar, að umrædd athugun verði að fara fram.

Fleira fólk hefur nú framfæri sitt af hvers konar iðnaðarstarfsemi en nokkurri einni atvinnugrein hér á landi. Þýðing iðnaðar fyrir íslenzkan þjóðarbúskap er því óumdeilanleg og mun enn fara vaxandi, enda hljótum við Íslendingar eins og aðrar þjóðir að stefna að því að efla þennan þátt atvinnumálanna og búa honum skilyrði eftir föngum til jafns við aðrar höfuðatvinnugreinar þjóðarinnar.

Vitað er, að hin stórauðna dýrtið, samfara lánsfjárskorti, hefur skapað iðnaðinum margvíslega rekstrarörðugleika. Afleiðingin er sú, að íslenzkur iðnaður stendur mjög höllum fæti í samkeppninni við erlend iðnfyrirtæki, sem búa við annars konar kjör að því er rekstrarfé og vexti snertir. Á það hefur oftlega verið bent, að iðnaðurinn hér á landi eigi að geta staðizt samkeppni erlendis frá án verndartolla eða óeðlilega hárra aðflutningsgjalda. Því aðeins er hugsanlegt að ná þessu marki, að iðngreinunum sé ekki, jafnframt því sem erlend framleiðsla flæðir inn í landið, íþyngt svo með ónógu og dýru lánsfé, að samkeppnisaðstaða hans sé þegar af þeirri ástæðu gersamlega vonlaus.

Með hliðsjón af framansögðu teljum við, að umrædda athugun beri að láta fram fara, og mælum því með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 8. apríl 1965.

Einar Ágústsson,  
frsm.

Gísl Guðmundsson.

Ragnar Arnalds.